**Nd.** **191. Nefndarálit** **[51. mál]**

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Hér er á ferðinni eitt af skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar, en slíkum frumvörpum um skattahækkanir og nýja skatta hefur rignt yfir Alþingi alla hennar stjórnartíð.

Með þessu frv. ætlar stjórnin að stórhækka þær álögur, sem nefndar eru aukatekjur ríkissjóðs. Undirritaðir fengu skrá yfir þau gjöld, sem aukatekjulögin ná yfir, og er hún birt hér með sem fylgiskjal. Í skránni koma fram upphæðir gjaldanna samkvæmt núgildandi lögum og til samanburðar hver gjöldin verða, ef þetta stjórnarfrumvarp verður samþykkt. Þar sést, að gjaldaliðirnir, sem eiga að hækka, eru samtals 134, og víða eru gjöldin tvöfölduð. Dæmi má þó finna um enn meiri hækkanir. Ef frv. verður samþykkt, verður miklu dýrara en áður fyrir menn að leita réttar síns fyrir dómstólum, og margar hækkanir bitna á fjölda manna. Má

þar nefna sem dæmi, að frumgjald fyrir þinglýsingu hækkar um 100%, og veðbókarvottorð hækka í verði um meira en 120%.

Tekjur ríkissjóðs hafa margfaldazt á stjórnarárum núverandi ríkisstjórnar. Þó heimtar stjórnin í sífellu meiri og meiri álögur á þjóðina. Að óbreyttri stjórnarstefnu teljum við óráðlegt að verða við þeim kröfum hennar. Það er eins og að hella vatni í botnlaust ílát. Við leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1965.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

**Fylgiskjal.**

Skrá yfir aukatekjur samkv. lögum nr. 40/1954 með núverandi álagi o. fl. og frumvarpi til nýrra aukatekjulaga:

I. KAFLI

**Fyrir héraðsdómi:**

| | Nú kr. | Frumv. kr. |
|---|---|---|
| 1. Stefna | 15.00 | 30.00 |
| 2. Fyrirtekt máls | 150.00 | 250.00 |
| 3. Úrskurður | 37.50 | 75.00 |
| 4. Vitni leitt | 22.50 | 45.00 |
| 5. Vitni gagnspurt | 22.50 | 45.00 |
| 6. Dómkvaðning | 37.50 | 75.00 |
| 7. Staðfesting dómsgerða | 30.00 | 60.00 |
| 8. Kærugjald | 150.00 | 300.00 |
| 9. Sjóferðapróf | 300.00 | 600.00 |

**Fyrir hæstarétti:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Stefna | 30.00 | 40.00 |
| 2. Fyrirtekt máls | 300.00 | 400.00 |
| 3. Úrskurður | 75.00 | 100.00 |
| 4. Vitni leitt | 45.00 | 60.00 |
| 5. Vitni gagnspurt | 45.00 | 60.00 |
| 6. Dómkvaðning | 75.00 | 100.00 |
| 7. Staðfesting dómsgerða | 60.00 | 80.00 |
| 8. Útivistargjald | 300.00 | 400.00 |

II. KAFLI

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fjárnám o. fl. — frumgjald | 60.00 | 120.00 |
| Viðbót á hvert þúsund | 10.00 | 10.00 |
| 2. Kyrrsetning á manni | 150.00 | 300.00 |
| 3. Útburður eða innsetning | 150.00 | 300.00 |
| 4. Aðrar fógetagerðir | 150.00 | 300.00 |

III. KAFLI

| | | |
|---|---|---|
| 1. Skiptagjald | 3 % | 3 % |
| 2. Innköllun | 75.00 | 100.00 |

IV. KAFLI

| | | |
|---|---|---|
| 1. Uppboðsgjald af fasteignum o. fl.: | | |
| Af 1. gjaldflokki | 3 % | 3 % |
| Af 2. gjaldflokki | 2 % | 2 % |

| | | Nú kr. | Frumv. kr. |
|---|---|---|---|
| | Af 3. gjaldflokki | 1 % | 1 % |
| 2. | Uppboðsgjald af lausafé | 6 % | 6 % |
| 3. | Uppboðsauglýsing | 37.50 | 100.00 |
| 4. | Árangurslaust uppboð | 150.00 | 300.00 |
| 5. | Uppboðsafsal | 150.00 | 200.00 |
| 6. | Undirboðsþing | 150.00 | 200.00 |

V. KAFLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Víxilafsögn — frumgjald | 30.00 | 60.00 |
| | Viðbót á þúsund | 5.00 | 5.00 |
| | Hámark | 100.00 | 130.00 |
| 2. | Aðrar afsagnargerðir o. fl. | 75.00 | 100.00 |
| 3. | Notarialvottorð á arfleiðsluskrár | 75.00 | 150.00 |
| 4. | Notarialvottorð á samninga, umboð o. fl. | 75.00 | 100.00 |
| 5. | Skipstjóramótmæli | 150.00 | 200.00 |
| 6. | Dráttur í happdrætti | 300.00 | 400.00 |
| 7. | Útdráttur skuldabréfa | 150.00 | 200.00 |
| 8. | Staðfesting endurrita fyrir hverja síðu | 7.50 | 10.00 |
| | Lægsta gjald | 22.50 | 30.00 |

VI. KAFLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Þinglýsing — frumgjald | 50.00 | 100.00 |
| | Viðbót á þúsund (almennt þinglýsingargjald) | 5.00 | 5.00 |
| | Viðbót á þúsund (framleiðsluveð) | 2.40 | 2.40 |
| 2. | Aflýsing (ókeypis) | 0.00 | 0.00 |
| 3. | Gjald skv. 3. mgr. 23. gr. | 100.00 | 200.00 |
| 4. | Þinglýsing skv. 24. gr. | 37.50 | 50.00 |
| 5. | Athugasemdargjald | 37.50 | 50.00 |
| 6. | Veðbókarvottorð | 22.50 | 50.00 |

VII. KAFLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Áfrýjunarleyfi | 300.00 | 400.00 |
| 2. | Novaleyfi | 300.00 | 400.00 |
| 3. | Hjónavígslubréf (undanþága frá lýsingu) | 75.00 | 200.00 |
| 4. | Önnur leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígslusk. | 150.00 | 200.00 |
| 5. | Lögskilnaðarleyfi | 300.00 | 400.00 |
| 6. | Ættleiðingarleyfi | 150.00 | 200.00 |
| 7. | Leyfisbréf til heildsölu | 15 000.00 | 20 000.00 |
| 8. | Leyfisbréf til umboðssölu | 7 500.00 | 10 000.00 |
| 9. | Leyfisbréf til tilboðasöfnunar | 3 000.00 | 4 000.00 |
| 10. | Leyfisbréf til smásöluverzlunar | 3 000.00 | 5 000.00 |
| 11. | Leyfisbréf til lausaverzlunar | 3 000.00 | 4 000.00 |
| 12. | Iðjuleyfi | 1 500.00 | 2 000.00 |
| 13. | Einkaleyfi samkv. lögum nr. 12/1923: | | |
| | fyrir fyrstu 5 ár | 1 500.00 | 2 000.00 |
| | fyrir næstu 5 ár | 4 500.00 | 6 000.00 |
| | fyrir síðustu 5 ár | 7 500.00 | 12 000.00 |
| 14. | Leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti | 4 500.00 | 6 000.00 |
| 15. | Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi | 450.00 | 600.00 |
| 16. | Leyfi til að stunda almennar lækningar | 450.00 | 600.00 |
| 17. | Leyfi til að stunda sérlækningar | 1 500.00 | 2 000.00 |
| 18. | Önnur leyfisbréf | 150.00 | 200.00 |

| | | Nú kr. | Frumv. kr. |
|---|---|---|---|
| 19. | Vegabréf til útlanda | 150.00 | 200.00 |
| 20. | Ökuskírteini bifreiðarstjóra | 75.00 | 100.00 |
| 21. | Leyfi til aksturs bifhjóls | 50.00 | 75.00 |
| 22. | Ökuskírteini bifreiðarstjóra, alþjóðlegt | 150.00 | 200.00 |
| 23. | Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt | 150.00 | 200.00 |
| 24. | Meistarabréf | 750.00 | 1 000.00 |
| 25. | Sveinsbréf | 150.00 | 200.00 |
| 26. | Formannsskírteini | 37.50 | 50.00 |
| 27. | Skipstjóraskírteini, allt að 30 smál. | 75.00 | 100.00 |
| 28. | Skipstjóraskírteini á fiskiskipi hið meira | 450.00 | 600.00 |
| 29. | Skipstjóraskírteini á verzlunarskipi hið minna | 450.00 | 600.00 |
| 30. | Skipstjóraskírteini á verzlunarskipi hið meira | 750.00 | 1 000.00 |
| 31. | Skipstjóraskírteini á varðskipi hið minna | 300.00 | 400.00 |
| 32. | Skipstjóraskírteini á varðskipi hið meira | 750.00 | 1 000.00 |
| 33. | Stýrimannsskírteini á fiskiskipi hið meira | 225.00 | 300.00 |
| 34. | Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið minna | 225.00 | 300.00 |
| 35. | Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið meira | 450.00 | 600.00 |
| 36. | Vélavarðarskírteini, 15 ha mótorvél | 37.50 | 50.00 |
| 37. | Vélstjóraskírteini, 50 ha mótorvél | 37.50 | 50.00 |
| 38. | Undirvélstjóraskírteini, 250 ha mótorvél | 75.00 | 100.00 |
| 39. | Undirvélstjóraskírteini, 600 ha mótorvél | 225.00 | 300.00 |
| 40. | Aðstoðarvélstjóraskírteini, mótorvél | 225.00 | 300.00 |
| 41. | Undirvélstjóraskírteini, 1300 ha mótorvél | 375.00 | 500.00 |
| 42. | Undirvélstjóraskírteini, ótakmarkað, mótorvél | 450.00 | 600.00 |
| 43. | Yfirvélstjóraskírteini, 250 ha mótorvél | 300.00 | 400.00 |
| 44. | Yfirvélstjóraskírteini, 600 ha mótorvél | 375.00 | 500.00 |
| 45. | Yfirvélstjóraskírteini, 1300 ha mótorvél | 450.00 | 600.00 |
| 46. | Yfirvélstjóraskírteini, ótakmarkað, mótorvél | 600.00 | 800.00 |
| 47. | Aðstoðarvélstjóraskírteini, eimvél, ótakmarkað | 225.00 | 300.00 |
| 48. | Undirvélstjóraskírteini, 600 ha eimvél | 225.00 | 300.00 |
| 49. | Undirvélstjóraskírteini, 1200 ha eimvél | 375.00 | 500.00 |
| 50. | Undirvélstjóraskírteini, eimvél, ótakmarkað | 450.00 | 600.00 |
| 51. | Yfirvélstjóraskírteini, 600 ha eimvél | 375.00 | 500.00 |
| 52. | Yfirvélstjóraskírteini, 1200 ha eimvél | 450.00 | 600.00 |
| 53. | Yfirvélstjóraskírteini, eimvél, ótakmarkað | 600.00 | 800.00 |
| 54. | Flugnemaskírteini | 37.50 | 50.00 |
| 55. | Einkaflugmannsskírteini | 75.00 | 200.00 |
| 56. | Atvinnuflugmannsskírteini hið minna | 225.00 | 300.00 |
| 57. | Atvinnuflugmannsskírteini hið meira | 300.00 | 400.00 |
| 58. | Flugstjóraskírteini | 450.00 | 800.00 |
| 59. | Flugvélstjóraskírteini | 450.00 | 600.00 |
| 60. | Flugleiðsögumannsskírteini | 450.00 | 600.00 |
| 61. | Flugloftskeytamannsskírteini | 450.00 | 600.00 |
| 62. | Flugumferðarstjóraskírteini | 600.00 | 800.00 |
| 63. | Veitingabréf fyrir embætti í I.—IV. flokki | 300.00 | 400.00 |
| 64. | Veitingabréf fyrir embætti í V.—XIII. flokki | 450.00 | 600.00 |
| 65. | Veitingabréf fyrir embætti í XIV.—XXIII. flokki | 600.00 | 800.00 |
| 66. | Veitingabréf fyrir embætti í XXIV.—XXVIII. flokki | 750.00 | 1 000.00 |

## VIII. KAFLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Skrásetning hlutafélags | 750.00 | 1 500.00 |
| 2. | Skrásetning samvinnufélags | 750.00 | 1 500.00 |

| | | Nú kr. | Frumv. kr. |
|---|---|---|---|
| 3. | Skrásetning útibús | 375.00 | 750.00 |
| 4. | Skrásetning starfsstöðva erlendra félaga | 750.00 | 1 000.00 |
| 5. | Skrásetning firma eins manns | 450.00 | 600.00 |
| 6. | Skrásetning firma tveggja manna eða fleiri | 750.00 | 1 000.00 |
| 7. | Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu | 150.00 | 200.00 |
| 8. | Tilkynning um prókúru | 150.00 | 200.00 |
| 9. | Afturköllun prókúru | 75.00 | 100.00 |
| 10. | Skrásetning vörumerkis | 375.00 | 500.00 |
| 11. | Skrásetning vörumerkis — endurnýjun | 150.00 | 200.00 |
| 12. | Skrásetning bifreiðar — nýskráning | 200.00 | 400.00 |
| 13. | Skrásetning bifreiðar — endurskráning | 100.00 | 200.00 |
| 14. | Skrásetning eigendaskipta að bifreið | 200.00 | 200.00 |
| 15. | Skrásetning bifhjóls — nýskráning | 200.00 | 200.00 |
| 16. | Skrásetning bifhjóls — endurskráning | 100.00 | 100.00 |
| 17. | Skrásetning eigendaskipta að bifhjóli | 200.00 | 200.00 |
| 18. | Skrásetning reiðhjóls með hjálparvél | 50.00 | 50.00 |
| 19. | Skrásetning dráttarvélar | 25.00 | 100.00 |
| 20. | Skrásetning flugvélar — atvinnu — | 500.00 | 1 000.00 |
| 21. | Skrásetning flugvélar — einka — | 200.00 | 400.00 |
| 22. | Skrásetning breytingar á eldri skrásetningu flugv. | 200.00 | 400.00 |
| 23. | Skrásetning skotvopns | 25.00 | 50.00 |

## IX. KAFLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Afgreiðslugjald af verzlunarskipi pr. smál. | 6.00 | 6.00 |
| 2. | Afgreiðslugjald af útlendu fiskiskipi pr. smál. | 4.00 | 4.00 |
| 3. | Áritunargjald af útlendu fiskiskipi pr. smál. | 0.50 | 0.50 |
| 4. | Löggilding manns ævitíð | 750.00 | 1 000.00 |
| 5. | Löggilding manns um óákveðinn tíma | 150.00 | 200.00 |
| 6. | Borgaraleg hjónavígsla | 75.00 | 150.00 |
| 7. | Löggilding verzlunarbókar | 150.00 | 200.00 |
| 8. | Löggilding leiðarbókar og véladagbókar | 75.00 | 100.00 |
| 9. | Útnefning matsmanna fyrir hvern mann | 15.00 | 25.00 |
| 10. | Vöruvottorð | 15.00 | 20.00 |
| 11. | Sakavottorð | 22.50 | 35.00 |
| 12. | Önnur embættisvottorð | 15.00 | 30.00 |
| 13. | Lögskráning fyrir hvern mann | 3.00 | 4.00 |
| 14. | Ritlaun fyrir vélritaða fóliósíðu | 7.50 | 15.00 |
| | Lægstu ritlaun | 15.00 | 30.00 |